

lagi, að ekki sé hætt á að fiskurinn eða umbúðir hans spillist að gæðum eða útliti, svo og að eins vel sé farið með fiskinn og frekast er unnt.

Jafnan skal þess gætt, að ekki sé hætt á að gæði, útlit eða umbúðir fisksins spillist á leið frá geymslustað til skips og skulu yfirbreiðslur notaðar í þessu skyni þegar þess er þörf.

Hleðslustjóri lætur hlaða fiskinum í skipið samkvæmt fyrirmælum útflytjanda. Hann skal skila sundurliðaðri skýrslu um tegundir og flokka farmsins að lestun lokinni.

#### 21. gr.

Til þess að tryggja það, að með fiskmatinu náist sem bestur árangur í því að auka álit og eftirspurn eftir fiskinum í markaðslöndunum, skal fiskmatsstjóri fylgjast nákvæmlega með þeim kröfum, sem hinir ýmsu markaðsstaðir gera til fisksins. Enn fremur skulu forráðamenn sölusamtakanna og fiskmatsstjóri ásamt deildarstjóra saltfisksdeildar hafa nána samvinnu. Ber þessum aðilum að gefa hver öðrum allar upplýsingar, sem að gagni mega koma í þessu sambandi.

Skulu fiskmatsstjóri og deildarstjóri saltfiskdeildar taka tillit til óska og ábendinga sölusamtakanna, enda fari þær ábendingar ekki í bága við reglugerð þessa.

#### 22. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, sem renna skulu í ríkissjóð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 127/1953 um verkun og mat á saltfiski til útflutnings.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. febrúar 1973.*

**Lúðvík Jóseppson.**

*Jón L. Arnalds.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1972 og á söltuðum ufsaflökum fyrir sama tímabil.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðar og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1972 og á söltuðum ufsaflökum fyrir sama tímabil:

#### Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. I .....	kr. 77.00
Millifiskur nr. I .....	— 73.00
Smáfiskur 40/60 nr. I .....	— 66.50
Smáfiskur 60/100 nr. I .....	— 64.00

Verð á öðrum gæðaflokkum verði ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

**Söltuð ufsaflök:**

15/20 .....	kr. 74.00
21/25 .....	— 71.00
26/30 .....	— 67.90
31/35 .....	— 64.90
36/40 .....	— 61.80

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 27. febrúar 1973.*

F. h. r.  
Jón L. Arnalds.

*Gylfi Þórðarson.*

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á  
óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til  
31. maí 1973 og á söltuðum ufsaflökum fyrir sama tímabil.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðar- og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1973 og á söltuðum ufsaflökum fyrir sama tímabil:

**Óverkaður saltfiskur:**

Stórfiskur nr. I .....	kr. 87.00
Millifiskur nr. I .....	— 80.00
Smáfiskur 40/60 nr. I .....	— 74.00
Smáfiskur 60/100 nr. I .....	— 70.00

Verð á öðrum gæðaflokkum skal ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verði 2.5% er miðist bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnum verðbili.

**Söltuð ufsaflök.**

15/20 .....	kr. 84.40
21/25 .....	— 81.00
26/30 .....	— 77.60
31/35 .....	— 74.70
36/40 .....	— 70.90